

45. Stjórnarfundur Fenúr.

16. september 2002.

Mætt; Gunnar Bragason, Elías Ólafsson, Björn Halldórsson, Pétur Bjarnason, Jóhannes Pálsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson. Ragna Halldórsdóttir boðar forföll.

Staður; Neskaupsstaður.

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta stjórnarfundar (nr. 44) samþykkt á athugasemda.

2. Heimasíða.

Ragna hefur farið yfir málið og er kostnaðaráætlun vegna uppfærslu og breytinga væntanleg í næstu viku

3. Starfshópar.

Stafshópur um lífrænan úrgang hefur hafið undirbúning að haustráðstefnu, staða annara starfshópar óbreytt.

4. Haustráðstefna.

Haustráðstefna Fenúr verður haldin 1. nóvember á Sólheimum Grímsnes og Grafningshreppi. Dagskrá rædd, meðal efnis; pappírsflokkun, umhverfisstofnun HÍ, ISWA ráðstefnan í Istanbul. “heimilislaus úrgangsefni”, kostnaður, lög og reglugerðir, kynning á Sólheimum, úrgangsmál í sjávarútvegi, öskuhaugurinn í Stafnesi, ferðasaga tæknimanna sveitarfélagana á höfuðborgarsvæðinu til Svíþjóðar og Danmerkur.

5. Stenúr.

Nefnd hefur skilað drögum að lögum og lagt þau fyrir ráðherra. Tillagan á að fara fyrir Alþingi á fyrstu dögum eftir sumarfrí.

6. Staða úrgangsmála á Austurlandi.

Jóhannes og Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri gerðu grein fyrir hvernig úrgangsmálum væri háttað á svæðinu.

7. Dagskrá heimsóknar.

Gávavellir voru skoðaðir á Neskaupsstað, Eski- og Reyðarfirði. Urðunarstaður svæðisins var skoðað og að lokum rætt við sorphirðinn.

8. Önnur mál.

- Fjármál, farið yfir stöðuna, eigið fé 2 milljónir, handbært fé tæpar 2 millj. en eftir er að borga LCA verkefnið.
- Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs rædd.

Fundi slitið 14.00